

Stéttarfélag tölvunarfræðinga
Engjateigur 9
105 Reykjavík

Reykjavík 28.11.2002

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 8/1996, um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, með síðari breytingum (þingmál nr. 354).


Óskað hefur verið eftir umsögn Stéttarfélags tölvunarfræðinga um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 8/1996, um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, með síðari breytingum, þingmál nr. 354.

Stéttarfélag tölvunarfræðinga styður heilshugar þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu um löggildingu starfsheitisins tölvunarfræðingur.

Þó er bent á að um tvítekningu er að ræða í málslið sem lagt er til að bætist við 2. gr frumvarpsins. Þar stendur orðrétt í frumvarðinu: "Þeir sem lokið hafa BS-prófi eða meistaraprófi í tölvunarfræði frá viðurkenndum íslenskum háskóla (eða meistaránámi úr slíkum skóla) þurfa ekki slíkt leyfi ráðherra."

Óþarfur er texti innan sviga "(eða meistaránámi úr slíkum skólum)". Því er lagt til að málsliðurinn verði svohljóðandi: "Þeir sem lokið hafa BS-prófi eða meistaraprófi í tölvunarfræði frá viðurkenndum íslenskum háskóla þurfa ekki slíkt leyfi ráðherra."

F.h. stjórnar Stéttarfélags tölvunarfræðinga



Oddur Þór Þorkelsson, formaður